



Borgarráð 17. október 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurgreiðslu vegna systkinaafsláttar á skólamáltíðum MSS24100155

Nýlega féll úrskurður mennta-og barnmálaráðuneytisins í máli nr. MRN23110405 þar sem ákvörðun Reykjavíkurborgar um að veita foreldrum ekki systkinaafslátt af gjöldum skólamáltíða var kærð. Í úrskurðarorðum kom fram að það er niðurstaða ráðuneytisins að ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 6. janúar 2023 um að synja beiðni kæranda um systkinaafslátt á þeim forsendum að reglur sveitarfélagsins gerðu ráð fyrir því að réttur til systkinaafsláttar væri bundinn við að systkini væru með sama lögheimili hafi ekki samrýmst jafnræðis- og réttmætisreglu stjórnsluréttar. Gerð hefur verið sú krafa að Reykjavíkurborg verði gert að endurgreiða aðilum þann afslátt sem þau hefðu annars notið í samræmi við aðra íbúa Reykjavíkur sem eru foreldrar og eiga þrjú börn sem ganga í grunnskóla í borginni, frá maí 2022. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort endurgreiðsla hafi farið fram og ef ekki, hvenær standi til að hún fari fram.

